



VARAHLUTIR OG
ANNAÐ SEM ÞARF
FYRIR BÍLINN



SMIDJAN

VERSLUN SINDRAGÖTU 12

Opið mánudaga til föstudaga 8-18
Opið laugardaga 10-14
Sími: 456-1300

Fólkið hér fyrir vestan er alveg frábært

Þegar Michelle Nielson flutti frá Bandaríkjunum til Vestfjarða breyttist líf hennar. Hún og Eggert maður hennar fóru úr annasömum lífsstíl í kyrrðina og rósemína í Súðavík. Auk þess að vera málari og tónlistarmaður býr hún til skartgripis og stundar innanhússhönnun. Michelle er í viðtali vikunnar.

— sjá bls. 6-8.



Óháð fréttablað á Vestfjörðum **BÆJARINS BESTA**

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 16. júlí 2015 · 28. tbl. · 32. árg. · Ókeypis eintak



Ósvör við Bolungarvík

EINFÖLD REIKNIVÉL
Á **eBOX.IS**

eBOX
auðveldar smásendingar



Í STÓRUM SKIPUM RÚMAST LÍKA
SMÆRRI SENDINGAR



eBOX er ný, þægileg og einföld lausn til að flytja minni sendingar frá Evrópu til Íslands. Á ebox.is er reiknivél sem segir þér á augabragði hver flutningskostnaðurinn er. Traust og áreiðanlegt leiðakerfi Eimskipa á Norður-Atlantshafi tryggir að sendingin þín kemur heim með fyrstu ferð. Auðvelt og fljótlegt.

Eimskip | Korngeirðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.ebox.is

EIMSKIP
eBOX

Óleyfisbyggingar verða fjarlægðar

Ísafjarðarbær hefur gefið það út að eigendur smáhýsa að Látrum í Aðalvík hafi frest til 1. september til að gefa sig fram og gera grein fyrir framkvæmdunum. Aðspurður hvað gerist eftir þann tíma segir Gísli Halldór Halldórsson bæjarstjóri að þá fari bæjaryfirvöld að kanna lagaheimildir bæjarins og ráðfæri sig við Umhverfisstofnun. „Með það

að markmiði að fjarlægja byggingar sem standa í óleyfi. Þessi vinna endar svo á því að byggingar sem eru ekki með leyfi verða fjarlægðar, væntanlega næsta sumar. Í reglugerð er ekki gert ráð fyrir nema einu til tveimur smáhýsum á hverri lóð og þessi mál verða að skoðast í því ljósi líka,“ segir Gísli Halldór.

Páll Ásgeir Ásgeirsson leið-

sögumaður vakti athygli á þyrpingu smáhýsa í fjörunni á Látrum. Um byggingar og framkvæmdir á Látrum gilda strangari reglur en víðast annars staðar enda eru Látrar í friðlandinu á Hornströndum.

Gísli Halldór segir að bærinn muni taka við umsóknum um byggingarleyfi fyrir hús sem hafa verið reist án þess að eigendur

hafi skeytt um að sækja um leyfi. „Þeirri stefnu Ísafjarðarbæjar hefur ekki verið breytt, en það þýðir ekki að allir fái leyfi, þau verða ekki gefin út nema að undangenginni eðlilegri málsmæðferð og hvert mál skoðað fyrir sig í samræmi við reglur og ég vísa aftur í að á hverri lóð má ekki vera nema eitt til tvö smáhýsi,“ segir hann.

Hann gerir ráð fyrir að húsbyggingar víðar í friðlandinu verði skoðaðar. „Eitt af því sem við höfum rætt er hvernig eftirlitshlutverk Umhverfisstofnunar og bæjarins skiptist. Við viljum vera með mjög virkt eftirlit með byggingaframkvæmdum í friðlandi í samstarfi við Umhverfisstofnun,“ segir Gísli Halldór.

– smari@bb.is

Aðalgata verður tvístefnugata

Aðalgata á Suðureyri verður tvístefnugata. Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt tillögu skipulags- og mannvirkjanefndar þess efnis. Sviðsstjóra umhverfis- og eignasvið er falið að vinna í samvinnu við hverfisráð Súgandafjarðar að útfærslu á hraðahindrunum. Í umsögn hverfisráðsins er áréttáð að áhyggjur ráðsins vegna breytinga á Aðalgötu eru vegna af mikils hraðakstur sem gæti skapast með tvístefnu. Bent er á að aldrei náist sátt um tvístefnu nema að hámarkshraði verði á 15-20 km/

klst. og hraðahindranir verði settar upp.

Ástæða þess að bæjaryfirvöld vilja gera Aðalgötu að tvístefnu er að flutningabílar sem sækja vörur í fiskþurrkunina Klofning utan við Suðureyri, komast ekki í gegnum þorpið nema með því að keyra á móti einstefnu. Í fjölda ára var það látið óátalið, enda um fáar ferðir að ræða, en á síðustu misserum hefur lögreglan farið fram á lögreglufylgd þegar flutningabílar aka á móti einstefnu á Aðalgötu með tilheyrandi kostnaði.

– smari@bb.is

Fiskvinnsla Flateyrar hefur starfsemi innan skamms

Innan skamms verður byrjað að vinna fisk í nýju fyrirtæki á Flateyri. Fyrirtækið hefur fengið nafnið Fiskvinnsla Flateyrar og er í eigu fjölda heimamanna. „Fjármögnunin er búin og nú eru Vestfirskir verktakar að standsetja húsnaðið,“ segir Kristján Torfi Einarsson sem er ásamt Steinþóri Bjarna Kristjánssyni í forsvari fyrir

fyrirtækið. „Við ætlum að vinna saltfisk og við ráðgerum að hefja vinnslu í þessum mánuði. Við verðum um 10 til að byrja með og í haust verðum við vonandi með 15 starfsmenn,“ segir Kristján Torfi.

Vinnslan verður til húsa þar sem áður var skelfiskvinnsla og Kambur var einnig með saltfiskverkun í húsinu. Fiskvinnsla

Flateyrar er með samning við Byggðastofnun um nýtingu á 300 tonna aflaheimildum stofnunarinnar á Flateyri. Byggðastofnun hefur til ráðstöfunar aflaheimildir til að bregðast við bráðum byggðavanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Samskonar samkomulag er í gildi meðal annars á Þingeyri og á Suðureyri. – smari@bb.is



„Áfram Vestri“ mun heyrast í stúkunni á næsta tímabili.

Áfram Vestri!

Almenningur hefur skorið úr um að nýtt íþróttafélag á norðanverðum Vestfjörðum mun heita Vestri. Í seinni umferð var kosið milli tveggja nafna, Vestra og ÍV (Íþróttafélag Vestfjarða). „Vestri hlaut kosningu með talsvert miklum yfirburðum. Það bárust 800 atkvæði í báðum umferðum og við í sameiningarnefndinni erum mjög ánægð með þátttökuna,“ segir Hjalti Karlsson sem leiðir sameiningarnefnd íþróttafélanna en Boltafélag Ísafjarðar, Korfuknattleiksfélag Ísafjarðar, Blakfélagið Skellur, Sunddeild Vestra og knattspyrnudeild Ung-

mennafélags Bolungarvíkur taka þátt í sameiningarferlinu.

Nýtt félag er enn óstofnað og segir Hjalti nú sé beðið eftir að Íþróttasamband Íslands yfirfari lög nýja félagsins og samþykki þau. „Næsta skref er svo að boða til félagsfundar í félögunum þar sem endanleg sameiningartillaga verður borin undir atkvæði og þá fyrst verður hægt að boða til stofnfundar Vestra. Ég vil koma á framfæri þakklæti til þeirra sem sendu inn nafnatillögur, sátu í nafnanefnd og greiddu atkvæði og þökkum til bb.is fyrir afnot af vefnum,“ segir Hjalti.



Þátttakendur í sjósundinu í fyrra.

Hlaupahátíðin hefst á morgun með sjósundi

Hlaupahátíðin á Vestfjörðum fer fram í sjöunda sinn helgina. Hátíðin hefst með keppni í sjósundi og Arnarneshlaupi. Sjósundið fer fram við aðstöðu Siglingaklúbbsins Sæfara á Ísafirði við Sjóminjasafnið í Neðstakaupstað. Keppt verður í 500 og 1.500 metra sjósundi og fara keppendur í 500 metra sundinu einn hring

eða þrjá hringi í 1.500 metra sundinu. Arnarneshlaupið er nú hlaupaleið á hátíðinni en þá er hlaupið frá Súðavík og út á Ísafjörð.

Laugardaginn 18. júlí verður keppt í svokölluðum Svalvogahjólreiðum sem er 55 kílómetra leið. Þá verður keppt í skemmtiskokki og skemmtihjólreiðum.

Hlaupahátíðinni á Vestfjörðum lýkur á sunnudeginum með Vesturgötuþlaupi en þá er keppt í 10, 24 og 45 km hlaupum. Á undanförmum árum hafa um 300 manns tekið þátt í Hlaupahátíðinni á Vestfjörðum að sögn Guðbjargar R. Sigurðardóttur, eins af skipuleggjendum hátíðarinnar.

– ellathora@bb.is

Góðar stundir gerast hægt



Sendu okkur 5 toppa af Merrild umbúðum og þú gætir unnið hina sígildu kaffikönnu frá Stelton.



10 heppnir vinningshafar verða dregnir út í hverri viku frá 30. júní til 1. september 2015, alls 100 talsins.



Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is
Ábyrgðarmaður: Sigurjón J. Sigurðsson.
Blaðamaður: Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Sími 456 4560, auglysingar@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandsþóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
 ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthafið bb@bb.is.
Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánuðögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Áhuga- og afskiptaleysi

„Ríkið ætlar að liðka til fyrir millilandaflugi frá Egilsstöðum og Akureyri með því að fella niður gjöld á flugfélög fyrstu tvö árin og aðstoða við markaðssetningu svæðanna með fjárfraðslögum. Þetta staðfestir Matthías Imsland, formaður starfshóps sem kannar möguleika á millilandaflugi frá landsbyggðunum.“ (Forsíðufétt, Fréttablaðið 1. júlí) Sem við var að búast voru tíundaðar væntanlegar tekjur ríkisins af millilandafluginu, 1,3 milljarðar á ári, en hvergi minnst á stofn-kostnaðinn, framlögin til markaðssetningar og skattaftirgjöföfni til flugfélaganna. Þess var getið að starfshópur á vegum forsætisráðherra væri þegar kominn upp úr startblokkunum til að veita og meta kosti þess að millilandaflug um aðra flugvelli en Keflavík kæmist á köppinn.

Síðan Össur Skarphéðinsson, þáv. iðnaðarráðherra, kvað upp úr með að Vestfirðingar byggju við þriðja flokks raforkukerfi, 2008, hefur BB af og til minnt á þá alvarlegu stöðu, sem fjórðungurinn býr við í þessum efnunum og ítrekað minnt á mikilvægi virkjunar Hvalár í Ófeigsfirði. Látum forstjóra Landsnets varpa ljósi á málið, ummæli á bb.is 4. sept. s.l.: „Eins og raforkulögin eru í dag og þær leikreglur sem eru í gildi þarf Hvalárvirkjun að greiða verulegt tengigjald til Landsnets, ef Landsnet ætti að tengja virkjunina. Það þurfa þá einfaldlega að koma til breytingar á raforkulögum eða Alþingi að samþykka einhverja sérstaka heimild til að greiða þennan tengikostnað, kannski vegna þess að afhendingaröryggi er verra á Vestfjörðum en annars staðar og því sé eðlilegt að samfélagið standi að því. En meðan það gerist ekki, þá er þetta tengigjald í raun og veru eitthvað sem við stöndum frammi fyrir.“

Skýrar verður það ekki orðað. Tengigjaldið er þröskuldurinn sem stendur í vegi fyrir virkjun Hvalár. Með öðrum orðum: Gerir virkjunina óhagkvæma í samanburði við aðrar virkjanir hvað raforkuverð varðar. Ríkisstjórnin, og Alþingi, hafa það í hendi sér hvort Vestfirðingar sitja uppi með þriðja flokks raforkukerfi um ófyrirséðan framtíð, eða tekið verði til hendinni og þeim skipað til borðs til jafns við aðra landsmenn.

Því verður ekki trúað að áhuga- og sinnuleysi stjórnvalda í raforkumálum Vestfirðinga sé slíkt, að ekkert fái raskað væðinni. Hvernig væri að þingmenn NV upplýstu skjólstæðinga sína með samantekt á útgjöldum ríkissjóðs vegna hugsanlegs tengigjalds Hvalárvirkjunar, annars vegar, og hins vegar beinna útgjalda og alls kyns gylliboða til fyrirtæka, víðs vegar. Hvað veldur að svo fast er haldið um aurana til virkjunar á Vestfjörðum á sama tíma og krónunni er sáldrað líkt og úr áburðardreifara í öðrum landshlutum verða þeir, sem valdið segjast hafa, að svara fyrir. Þingmenn NV mættu láta til sín heyra. s.h.

Spurning vikunnar

Hefur þú svindlað á prófi í skóla?

Alls svöruðu 321.
 Já sögðu 108 eða 34%
 Nei sögðu 213 eða 66%


Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Söfnunarsjóður stofnaður fyrir Katrínu Björk

Vinir og vandamenn Katrínar Bjarkar Guðjónsdóttur frá Flat-eyri hafa stofnað söfnunarsjóð til að létta undir langri og strangri endurhæfingu hennar. Katrín Björk, sem er 22 ára, fékk heila-blæðingu í nóvember í fyrra sem leiddi til þess að henni var kippt út úr hringið lífsins og við tók afar löng og mikil endurhæfing. Eiríkur Finnur Greipsson og Guðrún Pálsdóttir skrifa eftirfarandi orð fyrir hönd sjóðsins á Facebook-síðu söfnunarinnar: „Katrín hefur notið rækilegs stuðnings foreldra sinna, Bjarnheiðar Jónu Ívarsdóttur og Guðjóns Guðmundssonar frá Flateyri. Unnusti hennar Ásgeir Gíslason hefur staðið vaktina með Katrínu á sérlega aðdáunarverðan hátt, sem og fjölskylda hans frá Ísafirði. Systur hennar og fjölskyldur þeirra hafa einnig tekið mikinn þátt í þessu ferli öllu, sem og fjölmargir aðrir velunnarar.

Frá því fyrir áramót og fram til 14. júní s.l. hafði endurhæfing hennar gengið mjög vel. Því var áfallið þann dag afar mikið, þegar flytja þurfti hana með sjúkraflugi suður eftir aðra heila-blæðingu. Aðgerð var gerð á henni sem tókst vel að sögn lækna. Fjölskylda hennar og tengdafólk með unnusta hennar í broddi fylkingar hafa verið nær samfelld við hlið hennar þennan tíma. Það var síðan fyrst fyrir nokkrum dögum sem Katrín var flutt af gjörgæslu á almenna deild á LHS, þar sem hún dvelur nú.

Það var með ráði gert að senda ekki fréttir af líðan Katrínar, á meðan hún var á gjörgæslu, en nú teljum við að unnst sé að greina frá málavöxtum. Því miður er ekki ólíklegt að enn geti orðið



Katrín Björk Guðjónsdóttir.

sveiflur á líðan hennar, enda er hún enn mikið veik og með takmarkaða tjáningu.

Það kostar sterk bein og miklar fórnir að fylgja sínum nánustu í slíkum erfiðleikum. En það er heldur engin önnur leið fær, vonin og samkenndin, tiltrúin á að snúa megi hlutum til betri vegar er svo sterk hjá fjölskyldunni að maður hrífst með. Læknar hafa líka bent á mjög mörg tilvik um álíka veikindi svona ungs fólks, ÞAR SEM UNNT VAR AÐ SIGRAST Á ÁLÍKA ÁFALLI, með þrotlausri vinnu og endurhæfingu. Á ÞAÐ TRÚUM VIÐ. UM ÞAÐ BIÐJUM VIÐ TIL ALMÆTTISINS, að Katrín verði þeim hópi.

Foreldrar, unnusti og fjölskyld-

ur þurfa að færa miklar fórnir, vinnutap og kostnaður fylgir slíkum áföllum. Við náðum að safna nokkrum aukum (reyndar ekki miklum) í gegnum lokaða síðu hér á Facebook, og var búið að afhenda Katrínu megin hluta þeirrar fjárhæðar áður en hún fékk seinna áfallið. Hún var óumræðilega þakklát ykkur sem lögðu henni lið.

Nú verðum við – því miður – að knýja aftur dyra og biðja alla þá sem eru aflögu færir að leggja þessu frábæra fólki lið, til að gera endurhæfingu Katrínar mögulega og sem besta, Söfnun-arreikningur vegna þessa verkefnis er eins og áður nr. **0515-14-410407, Kt: 470515-1710.**

– smari@bb.is

Ögurballið á laugardag

Unnendur sveitaballa bíða í ofvæni eftir einu vinsælasta og elsta sveitaballi Vestfjarða, Ögurballiinu fræga sem fram fer á laugardagskvöld. Mikil hefð var fyrir þessu fornfræga balli í „den tíð“ en þá gerðu nærsveitingar sér ferð í Ögur og dönsuðu fram á rauða nótt í samkomuhúsinu, en dansiballamenningin er í það minnsta jafn gömul húsinu sem byggt var árið 1926. Dansleikir lágu niðri um árabil en mörgum til mikillar gleði var þessi skemmtilega hefð endurvakin árið 1998. Ætíð er ballið vel sótt og skemmtileg stemning myndast á svæðinu,

jafn innan dyra sem utan, og er fólk duglegt að tjalda og gista yfir nótt ef það treystir sér ekki heim strax að balli loknu.

Rababaragrauturinn hefur ávallt verið hluti af ballinu en fólk sem kom ýmist siglandi, ríðandi eða gangandi á ballið fékk rababara-graut til að fá næga orku til að koma sér heim eftir ballið. Stuðbandið Þórunn og Halli sjá um að skemmta fólki á ballinu. „Þau hafa spilað þarna síðan við tókum við þessu og eru æviráðin. Þau taka þó pásu og það er misjafnt hver skemmtir í pásu,“ segir Harpa Halldórsdóttir. Í fyrra

skemmti Erpur Eyvindarson fólkinu í pásunni en hann var einmitt að skemmta sér á ballinu. Hver verður pásutrúður nú í ár er ekki gefið upp.

Á hverju ári er andlit Ögurballsins valið af Ögursystkinum og í ár er það Herdís Sigurbergsdóttir. Næg tjaldstæði er á staðnum og getur hver sem er mætt á ballið sem náð hefur átján ára aldri. Þess má geta að allur ágóði af Ögurballinu rennur óskiptur til viðhalds og uppbyggingar samkomuhússins í Ögri sem er gamalt ungmennafélagshús frá árinu 1926. – ellathora@bb.is

ÞVOTTAEFNI | HREINLÆTISVÖRUR | HÚÐVÖRUR | ANDLITSLÍNA | BARNAVÖRUR

VIÐKVÆM HÚÐ? PRÓFAÐU ALLA LÍNUNA...

...fyrir heimilið, fjölskylduna og þig.

Neutral er sérstaklega þróað fyrir viðkvæma húð og inniheldur engin ilmefti, litarefti eða paraben – þannig hjálpar Neutral þér að vernda húð allra í fjölskyldunni.

Skoðaðu allar Neutral vörurnar í næstu verslun eða kíktu á Neutral.is



ASTMA- OG OFNÆMISFÉLAG ÍSLANDS
MÆLIR MEÐ VÖRUM FRÁ NEUTRAL

Neutral®

Hamingjan alltaf mitt fyrr

Þegar Michelle Nielson flutti frá Bandaríkjunum til Vestfjarða fyrir tæpum fimm árum gjörbreyttist líf hennar. Hún og maður hennar fóru úr annasömum lífsstíl, sem fólst m.a. í rekstri tveggja fyrirtækja, í kyrrðina og rósemina í Súðavík. Þrátt fyrir að koma úr hinu stóra og gróðursæla ríki Virginíu segir hún að skammdegð og kuldinn á Íslandi hafi ekki þurft eins mikla aðlögun og hún hafði talið í fyrstu, enda sé hún kolfallin fyrir bæði landi og þjóð.

Michelle er margt til lista lagt. Auk þess að vera málari og tónlistarmaður býr hún til skartgripi og stundar innanhúshönnun af miklum móð. Blaðamaður Bæjarins besta kíkti í kaffi til Michelle á heimili hennar á Ísafirði, sem er í gamla Gúttó eða fyrrum höfuðstöðvum héraðsblaðsins.

Á meðan hellt var upp á kaffi spurði blaðamaður hvar Michelle hafi alist upp og komst að því að það var um öll Bandaríkin.

„Faðir minn þjónaði Bandaríkjunum stoltur í sjóhernum (á móðurmálinu *The United States Marine Corps*) svo að við fluttum ört og víða um landið. Móðir mín yfirgaf fjölskylduna þegar ég var tíu ára og systur mínar voru átta og þrettán ára. Á þessum tímapiðum þekktum við föður okkar varla þar sem hann hafði lútið verið heima vegna herskyldu sinnar og tvisvar farið í stríðið í Víetnam. En hann ól okkur þrjár stelpurnar upp og við fluttum milli herstöðva þangað sem hann var sendur. Faðir minn var þotuflugmaður í sjóhernum og var sendur um allt land. Þegar ég var tvítug varð ég eftir í Virginíu þegar pabbi þurfti að flytja sig um set.

Þar kynntist ég síðar Eggert Einer Nielson í gegnum tónlistina. Þá var ég 33 ára og átti að baki tólf ára hjónaband. Ég var að syngja með systur minni og við fórum að koma fram með Eggert. Við tókum saman og settum á fót tvö fyrirtæki sem við unnum að í fimmtán ár. Þegar efnahagurinn tók skell í Bandaríkjunum fyrir nokkrum árum ákváðum við að loka öllu batteríinu og leita á ný mið.

Við áttum fasteignir hér í Súðavík, en vegna ættartengsla Eggerts höfðum við oft komið í heim sókn til Vestfjarða. Ég hafði sagt við Eggert í gegnum árin þegar við vorum að undirbúa Íslandskomu, að það kæmi ekki til greina að flytja til landsins. Það væri yndislegt að koma þangað í heim-

sóknir en ég vildi ekki flytja þangað. Faðir minn er Mexíkani og ég vil staði þar sem er hlýtt og sólin skín, og þó að Ísland væri dásamlega fallegt gæti ég ekki hugsað mér að búa þar því það væri alltof kalt. Svo var annað uppi á teningnum eftir að efnahagskreppan skall á og við ákváðum að róa á ný mið.“

Mikil viðbrigði að flytja til Íslands

„Eggert bauðst fín vinna í tónlistarskólanum í Súðavík og við ákváðum að flytjast búferlum til Íslands með fjórtán ára son okkar. Við fluttum í litla húsið Hlíð um miðjan vetur. Þetta voru mikil viðbrigði, en ég hafði einsett mér áður en ég kom að einblína aðeins á það jákvæða.

Þennan fyrsta vetur passaði ég mig á því að hafa nóg fyrir stafni, kveikti á kertum og hlustaði á fallega tónlist. Ég málaði innviði hússins, lærði að þrjóna og þrjónaði trefla og húfur í svo stórum stíl, að allir í fjölskyldunni eiga alltof mikið af slíku. Svo vorum við Eggert alltaf spila smá tónlist hér og þar.

Ég hafði haft áhyggjur af því hvernig skammdegð færi í mig, en það truflaði mig ekki neitt. Mér fannst það bara kósí. Svo með vorinu fluttum við í Sumarbyggðina í Súðavík og þar var líf og fjör sem ég algjörlega dýrkaði. Þar er dásamlegt að búa yfir sumartímann. Svo þegar við fluttum aftur í Hlíð fyrir veturinn vissi ég við hverju ég átti að búast og vissi að þetta yrði ekki erfitt. Aðlögunin að búa á þessum falllega en kalda stað var mun auðveldari en ég átti von á. Ég hugsaði samt mikið til gamla lífsins í Bandaríkjunum, var með heimþrá og sá eftir því sem við höfðum misst þar.

Einn daginn var ég að keyra frá Ísafirði til Súðavíkur að vetri til, öldurnar voru svo mikilfenglegar við sjávarsíðuna í fjallaumgjörðinni og ís yfir öllu. Þetta var svo fallegt að ég tók andköf og hugsaði með mér: Hvernig get ég verið að halda í fortíðina þegar ég hef svona mikla framtíð fyrir augunum? Þetta augnablik átti sér stað fyrir þremur árum og ég síðan hef ég verið heils hugur hér og þakklát fyrir allt það góða sem ég hef. Ég hef einungis jákvæð orð að segja um veru mína hér á Vestfjörðum.“

Dáist að jákvæðu viðhorfi Íslendinga til lífsins

Dálæti Michelle á svæðinu

nýtist henni núna í starfi.

„Nú er ég að vinna við ferðaleiðsögn hjá Vesturferðum, sem mér finnst rosalega skemmtileg vinna. Ég á afar auðvelt með að lofsynja þetta svæði, því mér sjálfri finnst það svo frábært. Aðdáun mín og væntumþykja á Vestfjörðum skín í gegn í leiðsögn minni, ég er alveg viss um það. Ég hef fengið mikið hrós í starfinu fyrir einlæga og persónulega leiðsögn sem ferðamennirnir virðast mjög ánægðir með, en það er bara vegna þess að ég er stúttfull af gleði og hamingju yfir þessum stað og fólkinu sem hér býr.

Fólkið hér fyrir vestan er nefnilega alveg frábært. Við höfum búið hér í fjögur og hálft ár og ég hef alla tíð dáðst að jákvæðu viðhorfi Íslendinga til lífsins, veðurfarsins og hvers sem er eiginlega. Fleiri heimsbúar mættu taka sér þetta viðhorf til fyrirmyndar, að mínu mati.

Í fimmtán ár áður en við fluttum komum við reglulega til landsins til að heimsækja ættmenni Eggerts í Reykjavík og svo síðar meir fórum við æ oftast til Súðavíkur. Maður þekkti því landið og fólkið ágætlega áður en við fluttum. Við þekktum því nokkra hér fyrir vestan þegar við fluttum, sem var mjög gott.“

– Hvernig kom það svo til að þið ákváðuð að flytja landa á milli?

„Við rákum fyrirtækið Nielson Group með foreldrum Eggerts, sem fólst í fjárfestingum í fasteignum. Stundum gerðum við húsinn upp til að selja og stundum til að reka sem orlofshús í skammtímaleigu. Við áttum annríkt, en þetta var ótrúlega skemmtilegur tími. Sjálf hef ég brennandi áhuga á innanhússarkitektúr og Eggert er handlaginn og hefur gaman af því að smíða. Þannig unnum við vel saman.

Samhliða þessu rákum við garðyrkju fyrirtæki. Okkur gekk mjög vel þar til það byrjaði að halla undir fæti í þessari grein í efnahagshruninu. Guði sé lof fyrir að við áttum heimili í Súðavík til að leita til. Margir fóru enn verr út úr þessari kreppu en við. Eins og við sögðum við son okkar, þá misstum við mikið, en við áttum þó enn hvert annað, og það er það eina sem skiptir máli. Við fórum því þrjú til að byrja á nýju ævintýri á Íslandi, en eldri börnin mín tvö búa enn í Bandaríkjunum. Þau eru 25 og 26 ára í dag, en ég átti þau með fyrri eiginmanni mínum sem starfaði

hjá landhelgisgæslu Bandaríkjanna.“

Dóttirin Briana varð sonurinn Brian

Augljóst er á rómi Michelle að hún saknar eldri barnanna, en þau eru þó dugleg að koma í heimsókn til Íslands. Enda hafi þau gert það frá blautu barnsbeini.

„Þau ólust upp við að koma reglulega í heimsóknir til Íslands og voru bæði skírd í Reykjavík. Þau voru skírd um leið og Eggert, og þetta var mjög falleg athöfn. Dóttir mín er sérstaklega hrifin af Íslandi, en hann er núna að ganga í gegnum kynleiðréttingu og því tala ég um hana sem son minn í dag. Í stað þess að eiga eina dóttur og tvo syni á ég nú þrjá syni. Hún hét Briana en heitir nú Brian.

Hann var hjá okkur júlí til október á síðasta ári og vildi flytja hingað, en vegna þess að aðeins má heimsækja landið þrjá mánuði í senn gat hann ekki dvalið lengur í það skiptið. Það gekk ekki upp á fá dvalarleyfi fyrir hann, sem voru mikil vonbrigði. Sérstaklega fyrir hann, þar sem hann var mjög spenntur fyrir flutningum. Byrjaður að læra íslensku og fullur tilhlökkunar að byrja nýtt líf sem karlmaður á Íslandi. En hann mun koma aftur brátt aftur og á ábyggilega alltaf eftir að heimsækja landið.“

– Finnst ykkur Íslendingar vera umburðarlyndari eða fordómfullari en Bandaríkjamenn hvað varðar transgender-fólk?

„Ég hreinlega veit það ekki. Það reyndi ekkert á það meðan Brian var hér, en fjölskylda mín í Bandaríkjunum er mjög stuðningsrík. Brian ljóstraði upp þessari ákvörðun sinni eitt sinn er hann var í heimsókn hjá okkur Eggert. Okkar fyrstu viðbrögð voru að segja honum að við myndum styðja hann eins og við gætum og elskuðum hann sama hvað. Mestu máli skiptir að börn okkar séu hamingjusöm, og ef hann er hamingjusamari sem karlmaður en kona, þá að sjálf-sögðu styðjum við hann í því. Mig hafði lengi grunað að eitthvað á þessum nótum væri að plaga hann. Ég vissi að hann væri ekki hamingjusamur sem stelpa, en ég vissi ekki að það væri svona mikið.

Þegar hann sneri aftur heim til Bandaríkjanna eftir að hafa greint frá þessum tímamótum sem voru í hans lífi tók fjölskylda mín á móti honum með smá fögnuði til að bjóða hann velkominn sem

Brian. Það var virkilega fallega gert, en fólk í Virginíu og Tennessee, þar sem fjölskyldan býr, er mjög víðsýnt. Ég veit ekki hvernig það er hér á landi, en ég tel að það yrði eins, að hann myndi mæta svipað jákvæðu viðhorfi. Íslendingar koma mér fyrir sjónir sem mjög umburðarlynt fólk.“

Sonurinn sjálflærður tónlistarmaður

Eggert, sonur þeirra hjóna og nafni föður síns, sem flutti með þeim til Íslands, hefur aðlagast íslensku lífi vel.

„Hann þekkti nokkra krakka í Súðavík áður en við fluttum, sem hjálpaði mikið til. Hann kunni strax vel við sig og eignaðist góða vini. Hann gekk í Menntaskólann á Ísafirði þar til hann og félagar hans í hljómsveitinni Rythmatik sigruðu í Músíktilraunum, en þá flutti hann með félögnum til Reykjavíkur. Þeir ætla sér stóra hluti og eru nýkomnir frá Frakklandi þar sem þeir voru að spila. Þeir hafa nú þegar verið bókaðir á nokkrar tónlistarhátíðir í Reykjavík og eru að fara í þessum mánuði til Þýskalands að spila. Við erum mjög spennt fyrir hans hönd.“

Blaðamaður skýtur hér að hvort fjölskylda hafi mikið spilað saman þar sem hún sé svo músikölsk, en Michelle segir þau hjónin ekki hafa oftað tónlistinni að syninum.

„Eggert yngri hafði afar takmarkaðan áhuga á tónlist í uppvextinum. Hann lærði um tíma á píanó en fannst það leiðinlegt og kenndi því sjálfum sér að spila. Hann meira að segja samdi nokkur tónverk og sigraði með frumsömdu lagi í samkeppni í skólanum.

En svo varð ekkert meira úr því. Ekki fyrr en við fluttum til Súðavíkur þegar hann dvaldi löngum stundum í herberginu sínu einn með gítar sem hann hafði aldrei spilað á fyrr, en kenndi sér á sjálfur. Þegar tíminn kom til að flytja í Sumarbyggðina var hann orðinn fullfær á gítarinn og hefur verið í hljómsveitum æ síðan. Við foreldrnir eru mjög ánægð með að hann hafi fundið eitthvað sem hentaði honum, enda er hann afburða hæfileikaríkur. Hann getur kennt sjálfum sér að spila á hvaða hljóðfæri sem er.

Ég hef verið að leika á hljóðfæri síðan ég var ellefu ára og spilaði lengst af á gítar, og hef síðan með basli náð að læra á trommur, mandólín, banjó og

sta val

munnhörpu. Svo kemur sonurinn og tekur upp þessi hljóðfæri og getur strax spilað á þau. Það reynist honum svo eðlislægt því að hann skilur tónlist að eðlisfari.“

Tónlistin partur af lífinu

Sjálf hefur Michelle spilað með fjölda hljómsveita og kemur reglulega fram á Ísafirði með hljómsveitinni Crazy Horses. Einnig hefur hún nú stofnað dúett með íslenskum manni sem hún kynntist í gegnum vinafólk á Ísafirði.

„Ég hitti íslenskan mann, Ara Ingólfsson, í gegnum sameiginlega vini okkar Gumma og Möttu [Guðmundur Hjaltason og Matt-hildur Helgadóttir Jónudóttir]. Hann gisti hjá þeim eitt sinn þegar við vorum í heimsókn og hann var að spila á gítar fullt af lögum sem ég dýrka. Ég tók því undir hjá honum og við höfnum svo vel saman að við ákváðum að stofna saman dúó. Þetta var fyrir ári og nú höfum við samið tíu lög og dúettinn kominn með nafnið Mantra.

Ari býr í Reykjavík en við tökum æfingatarnir hvenær sem við getum. Við höfum svo vel saman. Ég er kannski að spila á mandólín og úkúlele og hann á gítar en næsta skiptið skiptum við um hljóðfæri. Við erum bæði mjög bjartsýn á framtíð Möntru og höfum meira að segja verið að fíhuga að taka upp geisladisk innan tíðar. Ég hef heldur aldrei verið svona mikið við tónsmíðar áður. Ég get því spilað með Eggert þegar ég er heima á Ísafirði en með Ara í Reykjavík. Það er bæði mjög skemmtilegt og heldur sköpunargáfunni virkri.“

– Myndirðu segja að tónlistin sé þitt stærsta áhugamál?

„Nei, ég get ekki lýst tónlist sem áhugamáli eða jafnvel ástríðu, tónlist hefur bara alltaf verið partur af mínu lífi. Eitthvað sem er mér mjög auðvelt og eðlislægt. Mín ástríða er hins vegar innan-húshönnun. Ég hef unun af því að finna út hvaða litir henti rýminu best og passi best saman. En ég hef sungið og spilað á gítar frá því að ég var lítil stelpa. Við systurnar sungum mikið saman og gerum enn þegar tækifæri gefst.

Önnur systir mín, Lori Kelly, er söngvari og lagahöfundur í Nashville í Tennessee. Hún hefur komið til Vestfjarða nokkrum sinnum og meira að segja gerst svo fræg að koma fram á *Aldrei fór ég suður*. Við Eggert spiluð-



um með henni í fjölda ára undir nafninu Twice Shy og við komum fram á hátíðinni og héldum heimatónleika í stofunni hjá okkur. Þetta var alveg töfrandi kvöld og allir tónleikagestir svo glaðir. Mér finnst nú reyndar þið Íslendingar alltaf vera brosandir og kátir. Alveg frábært viðhorf.“

Spennandi samvinna hjónanna í Súðavík

Michelle og maður hennar vinna nú hörðum höndum að opnun vinnustofu í gömlum hjalli á Langeyri í Súðavík.

„Eggert keypti fiskhjall á Langeyri og við erum að gera hann upp. Eggert vinnur þar á hverjum degi yfir sumartímann og í frítíma sínum á veturna þegar hann er að kenna í skólanum.

Reyndar hefur verið tafist þar sem Eggert datt við vinnu sína á Langeyri og fótbraut sig fyrir þremur árum. Hann datt úr stiga niður á steina. Hann gat ekki unnið meira við þetta í um ár, en nú er hann byrjaður aftur af fullum krafti.

Þetta er mjög spennandi verkefni, en við erum að hanna húsnaðið upp á nýtt og ég ætla að vera með vinnustofu þarna. Ég mála af og til, bý til skartgripa og stunda ljósmyndun og veit að ég mun fyllast innblæstri af því að vinna á þessum fallega stað alveg við sjóinn. Ég hlakka því mikið til þegar vinnustofan lítur dagsins, ljós en ferlið við að hanna, dreyma það og sjá það verða að veruleika smám saman er mjög skemmtilegt. Mér finnst þetta ferli skemmtilegra en að sjá verkid fullklárað. Það er nefnilega svo spennandi tími þegar maður er að sjá draumsýn sína verða að veruleika. Því lengur sem verið tekur, því meiri spenna.

Við förum oft á Langeyri og grillum þegar sólin skín. Ég veit fátt betra en að sitja þar í sólskini,

finna grilllyktina og seypa á hvítvíni í náttúrufegurðinni. Þetta er algjör paradís.“

Alltaf verið tengd móður jörð

– Finnst þér landslagið og náttúrufegurðin hér gefa þér meiri kraft og innblástur en í Bandaríkjunum?

„Veistu, ég hef séð fólk verða fyrir kröftugum áhrifum frá landinu. Vinir og vandamenn hafa komið í heimsóknir og verða fyrir svo miklum áhrifum af krafti náttúrunnar að það breytir þeim. Ég hef í alvöru horft á það gerast en aldrei fundið fyrir því sjálf. Ég hafði reyndar mjög jákvætt viðhorf til móður jarðar í Virginíu. Ég elska lífið, mannfólkið og náttúruna. Þannig hefur það verið í mörg ár, svo að ég held að þar sem ég hugsi á þessum nótum verði ég ekki fyrir andlegri vakningu þegar ég kemst í tæri við náttúrukraft og fegurð. Ég fell þó oft í stafi yfir náttúrufegurðinni á Íslandi. Ég dýrka að ekki séu fjöll alls staðar, svo maður getur séð í allar áttir eins langt og augað eygir. Í Virginíu er afar mikið um tré og allir vegir eru rammaðir inn af skógum til beggja hliða, svo að maður sér lítið annað en tré þegar maður er á ferðinni. Ég dýrka útivist og að fara í göngur og annað slíkt.

En ég hef ekki enn fundið fyrir þessari sterku tengingu við náttúruna á Íslandi sem allir eru að tala um. Sama sagan var þegar ég fór til Macchu Picchu í Perú. Mér var sagt að heimsókn á þennan merka stað myndi fylla mig af svo mikilli orku, að það myndi breyta lífi mínu. Ég lagði því í ferðalagið full tilhlökkunar, en fann ekki neina yfirnáttúrulega tengingu. Þarna var ótrúlega falllegt og gaman að koma. Ég tók fullt af ljósmyndum, gekk um og stundaði hugleiðslu, en allt kom fyrir ekki, ég fann ekki neina



yfirnáttúrulega tengingu við kraftinn á staðnum. Kannski það sé af því mér finnst alla daga eins og náttúran og fólkið á hverjum stað fylli mig orku. Sama hvar ég er niðurkomin finn ég tengingu við Móður Jörð.“

Erfitt að stíga yfir þröskuldinn

„Mig langar til að lifa lífinu til fullnustu. Mig langar til að læra og gera allt sem ég get. Ég er 55 ára og var að loks að læra á trommur. Valgeir, trommuleikarinn í Rythmatík, var að kenna mér, en það hafði lengi verið draumur minn. Ég vil ekki vera orðin áttæð og hugsa með eftirsjá hvers vegna ég hafi ekki látið einhverja drauma verða að veruleika.

Mér finnst ég enn hafa nægan tíma til stefnu, 55 ár eru ekki hár

aldur. Sérstaklega ekki þegar maður lætur aldurinn ekki halda aftur af sér. Og það er svo margt sem mig langar til að gera. Eina vandamálið við það er að ég haldi einhverri fælmi sem veldur því að það er mér erfitt að stíga út fyrir hússins dyr,“ segir Michelle hlæjandi, þó hún sé á einlægum hátt að uppljóstra veikleika sínum.

„Ég reyni að fara út á meðal fólks eins mikið og ég mögulega get, en af einhverri ástæðu reynist mér það alltaf erfitt að stíga yfir þröskuldinn. Ég hef ekki enn fundið ástæðuna og er alltaf að reyna vinna bug á því, en það tekur á í hvert sinn. Í staðinn reyni ég að vera sem virkust innandyr og er mjög heimakær. Þegar við áttum hund þurfti ég að fara reglulega með hann út í gönguferðir og mér fannst það

æðislegt að þurfa að fara út með hann, því að það ýtti mér áfram.

Hver svo sem ástæðan er tekur þetta á og ég hef ekki enn fundið leið til að ráða bug á þessu. Ég reyni því að horfa á allt það jákvæða í lífi mínu í stað þess að einblína á það sem heldur aftur af mér. Ég trúi því að hamingjan sé val, og hún er ávallt mitt fyrsta val. Eins og þegar við fluttum frá öllu sem við þekktum og var okkur kært í Virginíu til að flytja til Íslands. Ég hefði getað verið í sorg og sít yfir því sem við misstum, en í stað þess ákvað ég að horfa björtum augum til framtíðar. Neikvæðar hugsanir gagnast engum og ég tel að þegar maður hugsar jákvætt muni jákvæðir hlutir gerast í lífi manns,“ segir þessi jákvæða kona með sólskinsbros á vör.

–Thelma Hjaltadóttir.

Gullmolinn í Reykjavík, flugvöllurinn

Umræður um Reykjavíkflugvöll í Vatnsmýrinni hafa verið miklar og ljóst að borgarstjórn Reykjavíkur með núverandi borgarstjóra í fararbroddi leggur sig í líma við að úthýsa þessum þrýðilega flugvelli, sem verið hefur á sínum stað í meira en sjö áratugi. Breski herinn lagði flugvöllinn í Vatnsmýri í upphafi stríðsins og afhenti hann íslenskum stjórnvöldum í lok þess. Innanlandsflugið hefur verið rekið þaðan í 70 ár. Flugvöllurinn hefur verið tengileið Íslands utan Reykjavíkur og höfuðborgarinnar síðan. En með tímanum og minnkandi skilningi fólks sem býr í Reykjavík og nágrenni á mikilvægi þess að höfuðborg sé fyrir alla þegna Íslands hefur verið unnt að vekja upp og næra andúð og óánægju vegna flugvallarins. Virðist engu skipta þótt hann hafi þjónað og þjóni sem betur fer enn íslenskum þegnum sem eiga búsetu annars staðar en í nágrenni hans. Reyndar skiptir hann einnig máli fyrir atvinnulíf landsins og þá ekki síst fyrir Reykjavík því margir hafa atvinnu af starfsemi tengdri Reykjavíkflugvelli. Flugvöllurinn er enn á aðalskipulagi og náðst hefur samkomulag til skemmri tíma um tilveru hans á núverandi stað. En allt stefnir í aðra átt, því miður.

Í apríl 2007 skilaði nefnd, sem Sturla Böðvarsson þá verandi samgönguráðherra skipaði til að skoða kosti í flugvallarmálum

höfuðborgarinnar, álitu sínu. Niðurstaðan var sú að frágengnum flugvelli í Vatnsmýrinni kæmi helst til greina að koma nýjum flugvelli fyrir á Hólmsheiði eða á Lönguskerjum í Skerjafirði. Liðinn eru ná rúm 8 ár og nú kemur nýtt álit nýrrar nefndar, er hvorki mátti skoða núverandi Reykjavíkflugvöll né færslu innanlandsflugs til Keflavíkur á Miðnesheiðina. Verður það að teljast afar undarlegt að skoða ekki kosti þess að nýta aðstöðu sem fyrir er og með öllu óskiljanlegt. Í Hvassahraun skal hann verði farið að álitu nefndar sem kennd hefur verið við Rögnu Árnadóttur aðstoðarforstjóra Landsvirkjunar.

Málsmetandi menn hafa bent á stórar veilir í skýrslunni, þar á meðal Grétar Óskarsson verkfræðingur og reynslumikill í flugmálum. Hann telur fáránlegt að byggja nýjan flugvöll fyrir 25 milljarða króna í 10 mínúta fjarlægð frá Keflavíkflugvelli. Um 1960 var því hafnað að flytja flugvöllinn á þennan stað. Flugmenn hafa bent á mun lakari aðflugsskilyrði þar en á Miðnesheiði og í Vatnsmýri. Bestu rökin eru í grein sem Jóhannes Loftsson verkfræðingur ritaði í Morgunblaðið 7. júlí síðast liðinn. Að loknum lestri hennar sannfærir lesandi um að best sé að nota áfram gullmolann í Vatnsmýrinni og sá næst besti að nota Keflavíkflugvöll.

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og mállefnum hafa oft verið umdeildar og vakjað umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.



HÚSASMÍÐJAN



blómaval



RÝMINGAR-SALA

Á SUMARVÖRUM

HEFST KL. 10 Á FIMMTUDAGINN



ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

GARÐHÚSGÖGN **30-40%**, SUMARBLÓM **20%**, GARÐLEIKFÖNG **30-40%**,
RAFMAGNS- OG BENSÍNORF **20%**, REIÐHJÓL **20-30%**, TRAMPÓLÍN **20%**,
TRÉ OG RUNNAR **50%**, RAFMAGNSSLÁTTUVÉLAR **25%**, GASGRILL **20%**,
ÚTIPOTTAR **30%**, GOSBRUNNAR **30%**, FRÆ **50%**, GARÐSTYTTUR **30%**,
REIÐHJÓLAFYLGHIHLUTIR **30%**, GRILLÁHÖLD **30%**, BÚSÁHÖLD **25%**,
CLABER GARÐVÖRUR **40%**, KEÐJUSAGIR **20%**, HEKKKLIPPUR **30%**,
MATJURTIR **50%** OG ÓTAL MARGT FLEIRA.



Með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.
Afsláttur gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar“.

525 3000 • husa.is



Dagar Íslands

eftir Jónas Ragnarsson

16. júlí 1917: Tundurskeyti frá þýskum kaþbáti hæfði flutningaskipið Vestu sem var á leið til Englands. Skipið sökk á einni mínútu. Fimm manns fórust en tuttugu komust í skipsbát og náðu landi.

17. júlí 1932: Stytta af Leifi heppna Eiríkssyni var afhjúpuð á Skólavörðuholti. Hún var gjöf Bandaríkjanna í tilefni af þúsund ára afmæli Alþingis árið 1930. Fótstallurinn á að tákna stefni skipsins.

18. júlí 1963: Verksmiðja Ísaga við Rauðarárstíg í Reykjavík eyðilagðist af eldi. Miklar sprengingar urðu í byggingunni en þær stöfuðu af gashylkjum. Skemmdir urðu á nálægum húsum.

19. júlí 1974: Varðskipið Þór stóð breska togarann C.S. Forrester að ólöglegum veiðum og varð að elta hann um 120 sjómílar á haf út. Varðskipið skaut átta skotum að togaranum og kom leki að honum. Skipstjórinn Dick Taylor, hlaut fangelsisdóm fyrir athæfið á miðunum.

19. júlí 1989: Bygging þyrupalls í Kolbeinsey hófst. Á hann voru festir ratsjárspjallar og jarðskjálftamælur. Kolbeinsey er 74 kílómetra norðvestur af Grímsey og er nyrsti punktur fiskveiðilögsögunnar.

20. júlí 1946: Áætlunarbifreið hvolfdi við Gljúfurá í Borgarfirði. Fimmtán af 22 farþegum slösuðust en enginn alvarlega. Eldur kom upp í bifreiðinni sem brann til ösku.

21. júlí 1963: Sverðfisk rak á land við Breiðdalsvík, en fá dæmi voru þess að slíkur fiskur hefði fundist norðar en við stendur Englands.

21. júlí 1987: Héðinn Steingrímsson varð heimsmeistari í skák á móti 12 ára og yngri.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Norðan 3-8 m/s. Víða léttskýjað SV- og V-lands, hiti 12-18 stig. Skýjað og sums staðar smáskúrir á N- og A-landi, hiti 5-10 stig.

Horfur á laugardag:

Norðan 5-13 m/s. Bjarlviðri S-lands, annars skýjað og rigning með köflum á N- og A-landi. Hiti 4-15 stig, hlýjað sunnan heiða.

Horfur á sunnu- og mánudag: Norðanátt og rigning á norðan- og austanverðu landinu, annars úrkomulífið. Áfram svalt í veðri.

Krossgátan



		ÓPOL	HÖGNI	ÞRAUT	NÚMER		RINGUL-REIÐ	ÖNDUNAR-FÆRI
FEIKI-MIKIÐ								
SKJÓTUR						SAMPYKKI		
						ANDVARP		
VEIÐAR-FÆRI					GEÐ			
					SAFNA SAMAN			
ESPAST							ÁTT	
SÝKING								
	↓	MEINDÝR	SKILABÖÐ			KJAFT		
			FRÁ			ÓLÆTI		
FRÆGÐ					FUGL			AUM
					HUGARRÓ			
KVEIKJARI				VIÐSKIPTI			ÁRÆÐA	
				GARÐI				
POT			LUFSA				ÞEGAR	
			ÆTTAR-SETUR				HUGSA	
HLÓÐIR				FÆÐA		SLÍM		
						VIÐMÓT		
SKÍTUR				NAUT				SANN-FÆRINGAR
				GÁSKI				
		SEYTLAR				STEIN-TEGUND		
		RIST				ÍSHROÐI		
FUGL				HÆKKA				HÖGG
				SLÉTTUR				
TVEIR EINS			BJARTUR			TRÉ	GYLTU	
			HLAUP				SVELG	
STRUNSA					ESPA			
GEIL					SVARDAGI			
MJÖG				TÖLUVERT				

BÍLAVERIÐ ehf

Hjólbarðapjónusta
Smurpjónusta

Smáviðgerðir

Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is



HEKLUSALURINN
Nýir bílar og notaðir

Þjónusta í heimabyggð frá 1983

Lausn á síðustu krossgátu



					TRÉ	MYLJAST	KVK. NAFN	TVEIR EINS		SÆ	SKÝLI				
					BLÁKVARS	A	M	E	T	Y	S	T			
					BRÉF-SPJALD	K	O	R	T	TVEIR EINS SKRAUT	J	J			
					EINKAR	A	L	L	EYDA ÍSMOLA	S	Ó	A			
					NASL	S	N	A	K	K	ÓNEFNÐUR	L			
					SNÍKJUR	S	N	A	K	K	ÓNEFNÐUR	L			
					↓	GLEPA-SAMTÖK	SIGTI TÍMABÍL	S	Í	A	L	A	N	D	
NÍÐUR-LÆGJA	S	M	Á	N	A	KRAKKI JAGAST	B	A	R	N	HEIÐUR				
HÝÐI	P	A	R	A	SAKEYRIR OFSADNING	S	E	K	T	ROTNUN	Æ				
ÖR HÖFI	O	F	GRÝTUR ABA	P	O	T	T	A	BÖGI ILMA	Ý	R				
LÝFTIST	R	Í	S	SPOR	F	A	R	HÆRA ÓBAGOT	A	L	A				
HRYGGUR	B	A	K	FÉGRÆÐI BÁTUR	Á	G	I	R	N	D	OTA				
	A	ÓSVIKINN VIT	E	K	T	A	STEIN-TEGUND GRIMMUR	A	G	A	T				
FUGL	U	G	L	A	JAFNINDUR KAUP-BÆTIR	S	Ó	S	A	STÆKKA	R				
ADGÆTA	G	Á	SAMSINNA SKJÖN	J	Á	T	A	ANGAN	SAMTÖK FJÖR	A	A				
AFHENDING	A	F	S	A	L	LETRUN	R	I	T	U	N				
INNHEIMTA	R	U	K	K	A	AUGN-VEIKI	G	L	Á	K	A				
	SLÁ	R	Á	GLANSA	G	L	A	M	P	A					

Sudoku prautir

6		9						3
	5	8	9	3			6	7
		7	8	2			9	
9	3		7	6	2			
				5			7	
7	6		1	4		2	3	9
4					5			
5		2	6		1		8	
8	1				3	9	5	2

	6				5			4
			9	3				
		4		1				
				6				5
		7		2	8	1		6
1			5	9				
3							1	7
	5	2			6			
	1				7	2		



Ungarnir elta Baldur niður í fjöruna.

Þrjátíu ára hefð í Vigur

Þrjátíu ára hefð er fyrir því í Vigur í Ísafjarðardjúpi að taka að sér munaðarlausu æðarunga og koma þeim á legg. Í sumar er það verkefni Baldurs Björnssonar. Faðir hans, Björn Baldursson, fylgdi honum eftir í síðustu viku með ungana og tók ljósmyndir sem hann síðan birti á Facebook. Hugrún Magnúsdóttir, ábúandi í

eyjunni segir að þetta sé oftast ungar sem hafa ekki náð að fylgja móður sinni eftir, dottið ofan í lundaholur og annað. „Við finnum þá þegar við erum í dúntekju á vorin.“

Landslagið í úteyjunni, þar sem mesta varplandið er, er svo erfitt og þúfótt fyrir ungana að þeir verða oft viðskila við mæður sínar. „Við söfnum þeim saman hér í lítinn kofa með gerði sem við höfum hér upp við bæinn. Í kofanum er heit ljósapera sem

ungarnir geta yljáð sér við á nóttunni og einnig gerði sem þeir geta vappað um í. Baldur gefur ungunum mat og fer með þá í göngutúra þar sem hann þjálfar þá í að leita sér að mat.“

Björn Baldursson byrjaði á þessu fyrir nær 30 árum og er Baldur sonur sá fjórði í röðinni í þessu mikilvæga starfi. Ungunum er síðan sleppt í lok ágúst eða byrjun september þegar þeir eru orðnir sjálfbjarga að mestu leyti.

– ellathora@bb.is

Bærinn fellur frá forkaupsrétti

Ísafjarðarbær hefur fallið frá forkaupsrétti á Silfurgötu 5 á Ísafirði, oft nefnt Norska bakaríð. Á fundi bæjarráðs var lagt fram kauptilboð í húsið sem Ísafjarðarbær hefur forkaupsrétt að og óskað eftir afstöðu bæjarins. Húsið var í eigu Ísafjarðarbæjar um skeið, en bærinn keypti það til niðurrifs til að rýma fyrir skólalóð fyrir Grunnskólann á Ísafirði.

Húsafriðunarnefnd ríkisins batt hendur bæjarins með því að friða húsið og seldi bærinn það til núverandi eiganda sem hefur gert húsið upp og telst það mikil bæjarþryði í dag.

Umferðin hefur aukist um 11%

Umferð til og frá Vestfjörðum hefur aukist umtalsvert það sem af er sumri miðað við sama tíma í fyrra, eða um 11% að sögn Friðleifs Inga Brynjarssonar, verkefnisstjóra hjá Vegagerðinni. Samkvæmt teljara Vegagerðarinnar á Steingrímsfjarðarheiði hafa 12.354 ökutæki farið þar um frá 1. júní síðastliðnum. Í fyrra fóru 11.312 ökutæki um heiðina á sama tíma.

Um Hjallaháls hafa 8.907 ökutæki farið frá 1. júní síðastliðnum en á sama tíma í fyrra fóru 6.995 ökutæki um hálsinn. Samkvæmt framangreindum tölum hefur umferð til og frá Vestfjörðum aukist um 11% milli ára.

Þjónustuauglýsingar

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS
OG
JARÐAR

GÚTTÓ ehf
Silfurgötu 1
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnun@bb.is

Fréttir og upplýsingar um réttindi og kjör á vinnumarkaði
www.verkvest.is

VERK VEST

ENDURSKOÐUN Símí í Bolungarvík 450 7900
Símí á Ísafirði 450-7910
VESTFJARÐA ehf

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

HRAÐFRYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
- sjálfbær niðring sjávarauðlinda

AGA GAS ALLS STAÐAR



Ísafjörður: Vélsmiðja Þrastar Marzellíussonar ehf, s. 456 3349.
Bjarkalundur: Hótel Bjarkalundur, s. 695 2091.

ÞÚ GETUR SLAKAÐ Á OG
UPPLIFAÐ ÖRYGGI VIÐ
GRILLIÐ MEÐ AGA GAS